



Rauði krossinn
Reykjavík

ÁRSSKÝRSLA 2018

Ábyrgðarmaður: Marín Þórsdóttir
Forsíðumynd: Gabrielle Motola
Hönnun og umbrot: Argh!
Prentun: GuðjónÓ



Efnisyfirlit

Ávarp formanns og deildarstjóra	4
Sjálfbóðaliðar í Rauða krossinum í Reykjavík	5
Jaðarsettir hópar	
Vin, fræðslu- og batasetur	6
Konukot - næturathvarf heimilislausra kvenna	8
Konukotsmarkaður	9
Lof mér að lifa. Lof mér að falla. Lof mér að lifa og falla?	10
Frú Ragnheiður, aukning á heimsóknum	10
Heilbrigðisþjónusta í Frú Ragnheiði	12
Prengingar	
Heimsóknarþjónusta	13
Fatakort	14
Áfallasjóður	15
Innflytjendur og flóttafólk	
Starf með innflytjendum	16
Leiðsögumenn flóttafólks	16
Heilahristingur - námsaðstoð	17
Rabb við leiðsögupar	18
Craft Around the World	19
Bjargir	
EVS sjálfbóðastarf	20
Kvennadeild	20
Fjáröflun	21
Verkefni með ungu fólki	22
Breiðholt - starf í hverfinu	24
Sjálfbóðaliðar	25
Stjórn, verkefnastjórnir og starfsmenn	26

Ávarp formanns og forstöðumanns

Starf Rauða krossins í Reykjavík er fjölbreytt og öflugt. Innan deildarinnar starfa 29 starfsmenn og 764 sjálfbóðaliðar í 25 verkefnum. Verkefnin spanna vítt svið og hóparnir sem starfa með hreyfingunni eru ólíkir. Flest verkefnanna eru unnin í hljóði og í hinu daglega amstri eru flestir ekki að velta því fyrir sér að verkin þurfi að vinna. Það kemur í hlut þessara 764 sjálfbóðaliða að vinna þessi störf í sjálfböðinni vinnu og sumir hverjir sinna fleiru en einu starfi.

Ef við stöldrum við og hugsum um einn dag í einu þá er það sjálfbóðaliði sem tekur á móti konunni sem ekki á í önnur hús að vernda og fær gistingu í Konukoti í nótt. Afganinn sem fékk stöðu flóttamanns í síðustu viku fær dygga leiðsögn frá meðborgara sínum um hvernig á að fóta sig í nýju landi og innflytjendabarnið sem talar ef til vill þrjú tungumál, fær aðstoð frá sjálfbóðaliða með heimalærdóminn. Það er sjálfbóðaliði sem heimsækir einmana samborgara sinn reglulega og það eru heilbrigðis-menntaðir sjálfbóðaliðar sem standa vaktina í Frú Ragnheiði á hverjum degi. Í Vin eru það sjálfbóðaliðar sem halda uppi sunnudagsopnun og konurnar í Kvennadeildinni safna fjármagni fyrir hin ýmsu verkefni deildarinnar með því að selja þrjónles og fíndur. Verkin eru óteljandi og einungis minnst á nokkur hér að ofan. En saman gera þessir sjálfbóðaliðar samfélagið okkar örlítið betra, með einni sjálfbóðaliða vakt í senn.

Sjálfbóðaliðahópurinn er breiður og á öllum aldri. Hann er tilbúinn að leggja tíma sinn og elju að sinna samborgurum sínum og þróa verkefnin svo þau standist tímans tönn. Árið 2018 var öflugt verkefnaár hjá Rauða krossinum í Reykjavík. Margir lögðu okkur lið með veglegum gjöfum og styrkjum sem er ómetanlegt í starfi eins og okkar. Þessi velvilji okkar garð gerir það að verkum að við getum aðstoðað stærri hóp og með víðtækari úrræðum.

Verkefnið Frú Ragnheiður var áberandi í fjölmiðlaumræðu á árinu. Málsvarastarf



Árni Gunnarsson
formaður



Marín Þórsdóttir
forstöðumaður

sem hófst fyrir rétt rúmum 9 árum hefur vaxið og skilningur á vanda fólks sem notar vímuefni í æð og skilningur á mikilvægi skaðminnkunar er sífellt að verða meiri. Kvikmyndin *Lof mér að falla* sem og þættirnir *Lof mér að lifa* sem frumsýndir voru á árinu, undirstrikuðu enn frekar mikilvægi skaðminnkunar og sýndi almenningi inn í annars dimman veruleika sem flestum okkar er falinn.

Í upphafi árs 2018 var gerður mikilvægur þriggja ára samningur við Reykjavíkurborg um rekstur Vinjar. Vin hefur verið í rekstri hjá Rauða krossinum í Reykjavík í 25 ár og á þessum tíma hefur tekist að skapa einstakt andrúmsloft sem hver og einn finnur þegar komið er í húsið við Hverfisgötu. Nú hefur rekstur athvarfsins verið tryggður næstu þrjú árin, en Reykjavíkurborg greiðir bróðurpart rekstrarkostnaðarins. Samstarf Rauða krossins og Reykjavíkurborgar er margþætt en borgin greiðir einnig rekstur Konukots sem og að veita ýmsum verkefnum deildarinnar smærri styrki. Þessi góða samvinna við borgina skiptir sköpum

varðandi rekstur athvarfanna sem sannarlega hafa sannað mikilvægi sitt fyrir þá einstaklinga sem sækja þau heim.

Það er margt sem gengur vel í starfi Rauða krossins í Reykjavík, en á sama tíma eru fjölmörg verk sem þarf að vinna. Fjöldi flóttafólks á höfuðborgarsvæðinu fer sífellt vaxandi og er aukið álag á þau verkefni sem snúa að þjónustu við innflytjendur og flóttafólk. Áskoranirnar verða margslungnari og málin þyngri. Það sama má segja um þjónustu kvenna í Konukoti. Hópurinn sem dvelst í skýlinu er fjölbreyttur og eru dæmi þess að konur nýta sér neyðarathvarfið sem langtíma lausn á húsnaðisvanda sínum. Börn af erlendum uppruna sem þurfa aukinn stuðning við heimanám fjölga en í dag nær Rauði krossinn ekki að þjónusta öll hverfi borgarinnar fyllilega. Þá þarf að fjármagna kostnaðarsöm verkefni, en án þess stuðnings sem deildin fær frá einstaklingum, fyrirtækjum, samtökum og yfirlöndum væri starfið hvorki fugl né fiskur.

Við horfum því yfir farinn veg með þakklæti í huga, þakklæti til sjálfbóðaliðanna okkar sem vinna hið óeigingjarna starf. Þakklæti til starfsmanna deildarinnar og samstarfsaðila okkar á höfuðborgarsvæðinu sem sjá til þess að verkin eru unnin. Og síðast en ekki síst þakklæti til bakhjarla okkar sem fjármagna hið öfluga starf hreyfingarinnar. Hvert og eitt þeirra er lítil hluti af öflugustu alheimshreyfingu í heimi. Rauða krossinum. +

Sjálfboðaliðar í Rauða krossinum í Reykjavík

Hvað kemur upp í hugann þegar þú hugsar um sjálfboðaliða Rauða krossins? Margir hugsa strax um alþjóðlegt hjálparstarf og sjá fyrir sér einkennisklædda sjálfboðaliða hlaupandi um á hamfara- og átakasvæðum fjarri heimahögum. Staðreyndin er þó sú að hlutverk landsfélaga Rauða krossins er fyrst og fremst að veita aðstoð og dreifa hjálpargögnum í hverju landi fyrir sig. Á Íslandi miðast starf Rauða krossins því að bæta og efla íslenskt samfélag og bregðast við á neyðarstundu.

Sjálfboðaliðar Rauða krossins í Reykjavík starfa í fjölbreyttum verkefnum í sínu nærumhverfi. Árskýrslan sýnir glöggst hversu umfangsmikið starfið er. Sjálfboðaliðar Rauða krossins eru einstaklingar á öllum aldri, sá yngsti 15 og sá elsti 99 ára, með ólíkan bakgrunn og reynslu í farteskinu. Allir eiga það þó sameiginlegt vilja gefa af sér, af frjálsum vilja, nokkrar klukkustundir í mánuði og byggja þannig betra samfélag.

Sjálfboðaliðamiðstöð

Sjálfboðaliðamiðstöð er samvinnuverkefni deildanna fjögurra á höfuðborgarsvæðinu; í Reykjavík, í Kópavogi, í Hafnarfirði og Garðabæ, og í Mosfellsbæ. Markmið Sjálfboðaliðamiðstöðvar er fyrst og fremst að tryggja að í verkefnum Rauða krossins sé nægur fjöldi sjálfboðaliða, að þeir hafi fengið þjálfun og fræðslu, og þeir fái stuðning og gott utanumhald í verkefnum sínum. Stefnt er að því að Rauði krossinn sé fyrsti kostur þeirra sem hafa áhuga á sjálfboðnu starfi að mannúðarmálum.

Í Sjálfboðaliðamiðstöð er lögð áhersla að faglega og markvissa uppbyggingu verkefna sjálfboðaliða. Jafnframt er unnið að því að efla starfsmenn sem vinna beint með sjálfboðaliðum og veita þeim tæki og töl til að taka á móti, hvetja, styðja og fylgja sjálfboðaliðum eftir, allt frá umsókn að starfslokum. Í sjálfboðastarfinu gefst fólki kostur á því að nýta þekkingu sína og reynslu samféluginu til góða, en einnig að efla hæfni, tengslanet, og reynsluheim. Í Sjálfboða-



Hannah, Julia og Sidra stóðu vaktina í kakó-fjáröflun á 100 ára fullveldisdegi Íslands.

liðamiðstöð er sjálfboðaliðinn þungamiðjan enda er verkefnið keyrt áfram á þeirri staðreynd að sjálfboðaliðinn er hornsteinn Rauða krossins.

Árið í tölum

Á höfuðborgarsvæðinu störfuðu um 1350 sjálfboðaliðar í árslok 2018, þar af tæplega 800 hjá Rauða krossinum í Reykjavík. Þar að auki er ótalinn hópur sem lagði sitt af mörkum í tímabundnum eða tilfallandi verkefnum.

Fjöldi umsókna um sjálfboðastörf jókst um 24% milli ára og hefur ekki verið meiri síðan 2015, en þá bárust Rauða krossinum meira en 1200 umsóknir um sjálfboðastörf til hjálpar flóttafólki frá

Sýrlandi. Alls hófu 512 sjálfboðaliðar störf á árinu, eða 114 fleiri en árið 2017. Að auki jókst hlutfall umsækjenda sem gerðust virkir sjálfboðaliðar um 8% milli ára.

Tölurnar tala sínu máli. Umfang verkefna Rauða krossins er að aukast og skuldbinding samborgaranna eykst samhlíða. Sjálfboðaliðar Rauða krossins hafa sjaldan verið fleiri, sem sýnir að geta og vilji til að takast á við þrengingar og áskoranir í samfélaginu okkar er tvímæla laust til staðar. Mikilvægi sjálfboðaliða er svo augljós ef við leiðum hugann að því þrekvirkir sem unnið er daglega eða öllu heldur að þeirri aðstoð sem ekki væri unnt að veita ef þeirra nyti ekki við. +



Ferðafélagið Víðsýn fór til Sitges á Spáni á árinu.

Vín, fræðslu- og batasetur

Vín er athvarf Rauða krossins í Reykjavík fyrir fólk með geðraskanir. Eitt helsta hlutverk þess er að draga úr einangrun, byggja upp félagslegt umhverfi og draga úr endurinnlögnum. Lögð er áhersla á fræðslu- og batamiðuð verkefni sem mæta þörfum nýrra einstaklinga sem sækja Vín og efla virkni þeirra sem fyrir eru með tilliti til þarfa og áhuga hvers og eins. Dyggur fjárhagslegur bakhjarl Vínjar er Reykavíkurborg.

Árið 2018 einkenndist af gríðarlegri fjölbreytni, virkni og almennt mjög góðum anda yfir starfseminni. Stór þáttur í því að gestir upplifi öryggi og heimilislegt umhverfi með einstaklingsmiðaða batastefnu er aðkoma Rauða krossins að rekstrinum með tilheyrandi hlutleysisstefnu og mannúðarviðhorfi auk þess að markvisst er unnið gegn stofnana-væðingu.

Í Vín eru nú fjögur stöðugildi sem fimm starfsmenn sinna. Að meðaltali voru komur í hús um 38 manns á dag og þátttaka að meðaltali um 25 til 30 manns í vinsælustu viðburðinum svo sem sam-

veru, húsfundum, mat og menningu ýmiskonar, ásamt ferðum með ferðafélaginu Víðsýn sem er sjálfstætt ferðafélag gesta Vínjar.

Dagskrá af ýmsu tagi

Boðið var upp á heitan mat í hádeginu og sunnudagsdagskrá sjálfboðaliða yfir vetrartímann. Auk daglegrar dagskrár í Vín, undirbúningur, samvera, hádegisverður, skák og listir, voru vikulega á dagskrá; geðklöfufundur, Qi gong leikfimi og slökun, húsfundur, húslestur, vikulokakaffi, myndlistarnámskeið og heimspekifundur. Vinaskálfélagið var

öflugt að venju og hélt vikulega fundi auk fjölda skákmóta í Vín. Einnig fóru tveir okkar gesta vikulega í Hlutverkasetur með skákkennslu. Myndmenntakennari vann sjálfboðin störf vikulega og haldnar voru nokkrar myndlistarsýningar á árinu. Mikið púður var sett í að halda hátíðlega hefðbundna siði eins og þrettándann, þorablót, bollu-, sprengi- og öskudag, páska og jól.

Tuttugu gestir fóru í fimm daga ferð til Sitges á Spáni með ferðafélaginu Víðsýn. Til að tryggja öryggi gesta er nauðsynlegt að einn starfsmaður sé með fyrir hverja fimm gesti til aðstoðar og

Frásögn frá gesti Vinjar

Kári Auðar-Svansson heiti ég og er fastagestur í Vin (fer þangað hér um bil daglega). Vin er algjörlega nauðsynlegt akkeri fyrir mig í lífinu. Án þessa staðar myndi ég varla eiga mér nokkurt félagslegt líf. Það er dásamlegt að koma í þetta bjarta og fallega hús og borða góðan heimalagaðan mat, lesa í góðu tómi í stofunni og spjalla við aðra gesti. Svo er líka gaman og krefjandi að hjálpa til við eldamennsku en það geri ég reglulega eða alla föstudaga. Í stuttu máli má segja að Vin er fyrir mig sannkölluð vin!

Ég get ekki látið hjá líða að hrósa starfsfólki Vinjar, þeim Halldóru, Viðari, Sissu, Inga Hans og Sabrinu en öll eru þau svo sannarlega starfi sínu vaxin: kærleiksrík, viðmótsþýð, hjálpsöm og líka mjög skemmtileg með húmorinn á hreinu! +

stuðnings en mikið reynir á geðheilsuna á ferðalögum, sérstaklega á flugvöllum og í flugvélum. Dæmi eru um að erfiðar aðstæður á borð við bið, kalli fram geðrof. Farið var í nokkrar dagsferðir í Krika við Elliðavatn þar sem var grillað, spilað og farið í gönguferðir Yfir 30 manns sigldu um Breiðafjörðinn í júlí og farið var á Haustmót Athvarfanna á Akureyri og Siglufirði í október.

Virkt samstarf

Að venju var mikið samstarf við háskóla-samfélagið og geðdeildir LSH, en um 80 nemar og starfsfólk komu í heimsókn yfir árið og töluvert var um kynningar. Einnig sinntu um 40 sjálfbóðaliðar ýmsum störfum í Vin.

Tveir til fjórir gestir hafa mánaðarlega ásamt forstöðumanni tekið þátt í samstarfi við önnur geðurræði á höfuðborgarsvæðinu, Bataskólann og Geðhjálp, ásamt því að sitja í nefndum hjá sveitarfélagi og ríki sem fulltrúar notenda geðheilbrigðiskerfisins. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og Árni Gunn-

arsson formaður deildarinnar undirrituðu þriggja ára samning við Reykjavíkurborg í Vin í janúar að viðstöddu fjölmenni en sama dag lék sellóleikarinn virti Alban Gerhardt fyrir gesti. Haldið var upp á 25 ára afmæli Vinjar í febrúar. Mikið var um dýrðir, tónlistaratriði og myndlistarsýning og mættu yfir 70 manns.

Stöndum vörð um markhópin

Á fyrri hluta ársins var gríðarleg ásókn heimilislausra með tvíþættan vanda í Vin, eða um 11 á dag. Mikill meirihluti þessara einstaklinga voru ekki að sækja í þjónustu setursins heldur skjól fyrir veðri og til að sofa. Töluverð röskun varð á starfsemi vegna þessa og loka þurfti hvíldar og slökunarherbergjum tímabundið til að bregðast við. Mikilvægt er að standa vörð um virknistarf og félagslega aðlögun þess hóps sem Vin þjónustar. Lykilatriði er að sveitarfélagin komi dagsetri fyrir utangarðs fólk með tvígreindan vanda í gagnið sem fyrst. +



Gestir Vinjar heimsóttu Elizu Reid forsetafrú á Bessastöðum.

Konukot

- næturathvarf heimilislausra kvenna

Á árinu nýttu 107 konur athvarfið Konukot, þremur færri en árið á undan. 42 konur höfðu ekki leitað áður í athvarfið. Töluverð aukning var á gistingu á milli ára, úr 2.943 í 3.303. Bendir þetta til þess að gestir séu að nýta athvarfið til lengri tíma í senn en áður. Reykjavíkurborg er dyggur bakhjarl Konukots.



Konukot á fallegum sumardeggi við Eskihlið 4.

Í athvarfinu dvöldu 9 konur í yfir 100 nætur á árinu. Aukin aðsókn hefur verið af hálfu kvenna sem eiga við mikinn félagslegan og/eða geðrænan vanda að stríða án þess að glíma við fíknivanda. Mest var aðsókn í athvarfið í júní mánuði, þá leitaði 41 kona í athvarfið, þar af 8 sem ekki höfðu leitað áður og voru gistinguæturnar 330. Í janúar voru fæstir gestir sem leituðu í athvarfið, samtals 23 konur og fæstar voru gistinguætur í desember eða 236.


Enn er lítið af úrræðum fyrir konur sem glíma við heimilisleysi, fíkní- og/eða annan félagslegan vanda. Mikið hefur verið rætt um úrbætur á líðandi ári og eru vonir bundnar við aukna aðstoð við þennan viðkvæma hóp á komandi ári. Stærsti hluti kvenna sem í athvarfið leita eru skráðar til lögheimilis í Reykjavík, eða 72 konur. 5 erlendar konur leituðu í Konukot og 29 konur komu frá 13 öðrum sveitafélögum á landinu.

Sjálfbóðaliðar mikilvægir

Sjálfbóðaliðar standa morgun- og kvöldvaktir í Konukoti, ásamt því að lengja opnun um helgar yfir háveturinn. 65 sjálfbóðaliðar tóku vaktir í Konukoti á árinu. Sjálfbóðaliðahópurinn er fjölbreyttur og meðal sjálfbóðaliða voru EVS sjálfbóðaliðar frá Alþjóðlegum ungmennskíptum og nemar, bæði frá Háskóla Íslands og Háskólanum í Reykjavík. Námskeið var haldið í samstarfi við Frú Ragnheiði í skaðaminnkun, samskiptatækni og skyndihjálpi. Starfskonum bauðst að fara á námskeiðið Áhugahvetjandi samtal.

Eingöngu konur sinna starfi í Konukoti og er áfallameðvituð og kynjamiðuð nálgun höfð að leiðarljósi í starfinu. +

Aldursskipting gesta Konukots 2018





Solvej Dürke Bloch sjálfböðaliði.

Konukotsmarkaður

Starfsemin á Konukotsmarkaðnum er alfarið drifin áfram af samhentum hóp sjálfböðaliða sem hafa síðan haustið 2013 unnið frábært fjáröflunarstarf í þágu Konukots.

Starfið felst í því að taka á móti fatnaði, flokka, stilla upp, auglýsa á Facebook og sjá um afgreiðslu þegar markaðurinn er opinn á laugardögum kl. 12-16.

Í samningi sem Rauði krossinn í Reykjavík gerði við velferðarsvið Reykjavíkurborgar 2016 um starfsemi Konukots, var tekið sérstaklega fram að miðhluti húsnæðis í Eskihlíð 4 verði notaður undir fjáröflun fyrir athvarfið.

Einfaldleikinn í starfseminni virkar

Viðskiptavinir markaðsins styrkja konur í neyð með gjöfum á fötum og öðrum varningi. Enn fremur kaupa margir þeirra notaðar flíkur og aðrar vörur á sama stað.

Starfsemin hefur vaxið jafnt og þétt og markaðurinn fær meðmæli frá föstum viðskiptavinum. +

Starfsemin hefur vaxið jafnt og þétt og markaðurinn fær meðmæli frá föstum viðskiptavinum.

Einn þeirra er Ester Auður Elíasdóttir:

Ég elska að kaupa föt og glingur á flóamörkuðum og í „áður-átt“ búðum (Second hand). Ég leita uppi slíkar búðir og markaði erlendis og hérna heima er ég fastagestur á Konukotsmarkaðnum sem mér finnst langbesti markaðurinn í Reykjavík. Ég hef fundið ófáa fjársjóði þar, til að nota dags daglega, upp á punt, í grímubúninga og í burlesque. Ég fer aldrei tómhent þaðan. Þegar ég ætla að gera mér sérstaklega glaðan laugardag, kem ég við á Konukotsmarkaðnum. +



Lof mér að falla. Lof mér að lifa. Lof mér að falla og lifa?

Í haust var kvikmyndin Lof mér að falla eftir Baldvin Z frumsýnd í kvikmyndahúsum landsins, kvikmynd sem hafði mikil áhrif á alla sem hana sáu og virtist hafa veruleg áhrif á þjóðarsálina, alls staðar var fólk að tala um myndina og efni hennar. Væri það sem sýnt er í myndinni virkilega raunveruleiki margra hér á landi?



Styrktarsýningar voru haldnar á Lof mér að falla bæði í Reykjavík og á Akureyri þar sem hægt var að styrkja skaðaminnkandi verkefni Rauða krossins og gekk sú söfnun mjög vel.

Í kjölfar myndarinnar var sýnd heimildamynd í tveimur þáttum sem heitir *Lof mér að lifa* á RÚV. Þar fylgir Jóhannes

Kr. Kristjánsson eftir einstaklingum sem hafa verið og eða eru í svipuðum sporum og stúlkurnar í myndinni. Þættirnir

sýndu á heiðarlegan og opinskáan hátt innsýn í daglegt líf kvenna sem eru háðar vímuefnum og þurfa að kljást við þann veruleika alla daga.

Frú Ragnheiður og Konukot eru verkefni Rauða krossins í Reykjavík sem sinna þessum einstaklingum. Vafalaust er hægt að segja að bæði myndin og heimildamyndin hafi svo sannarlega opnað augu fólks fyrir þessum raunveruleika og minnt fólk á hversu gríðarlega mikilvægt það er að hafa skaðaminnkandi starf í samfélaginu. Mikil umræða skapaðist í kringum sýningarnar og skilningur á málaflokknum jókst.

Haldin var styrktarsýning á *Lof mér að falla* bæði í Reykjavík og á Akureyri þar sem hægt var að styrkja skaðaminnkandi verkefni Rauða krossins og gekk sú söfnun mjög vel. Fyrir á árinu hafði Rauði krossinn í Eyjafirði sett á laggirnar verkefnið Ungfrú Ragnheiður að fyrirmynd Frú Ragnheiðar. Félagar í Oddfellow gáfu Kia bifreið til skaðaminnkandi starfs sem og kostuðu viðgerð á aðalbifreið Frú Ragnheiðar. Einnig bárust verkefnunum fjölmargar stórar og smáar gjafir.

Frú Ragnheiður er skaðaminnkunar verkefni sem snýst um að þjónusta þessa jaðarsettu einstaklinga sem nota vímuefni í æð og/eða eru heimilislausir. Með myndinni og aukinni umræðu var ljóst að mun fleiri sjá að þörfin fyrir mannúð, skilning og umhyggju er að aukast alls staðar og að þörf er á að styrkja og styðja við skaðaminnkandi verkefni. +

Aukning á heimsóknnum til Frú Ragnheiðar

Frú Ragnheiður hefur það markmið að ná til heimilislausra einstaklinga og fólks sem notar vímuefni í æð og bjóða þeim skaðaminnkandi þjónustu í formi nálaskiptaþjónustu og heilbrigðisþjónustu. Einnig fá skjólstaðingar mat, drykki, hlýjan fatnað, svefnpoka, sálrænan stuðning og ráðgjöf. Verkefnið fer fram í sérinnréttuðum bíl og veitir nærþjónustu á öllu höfuðborgarsvæðinu sex kvöld í viku frá kl. 18:00-22:00/23:00.

38% aukning var á heimsóknnum í Frú Ragnheiði á árinu 2018 miðað við árið 2017 og voru heimsóknir alls 3.854. Einstaklingar sem leitaðu til verkefnisins voru 455, og 55 fleiri en árið áður. Hlutfallslega fleiri karlar sóttu þjónustuna, eða 73%, sem er svipað hlutfall og áður hefur verið.



Sjálfboðaliðarnir Birna, Birta og Eggert á fallegum haustdegi í Frú Ragnheiði.

Nálaskiptin vega enn þyngst


Nálaskiptiþjónustan er stærsti þjónustuþátturinn í verkefninu. Í nálaskiptiþjónustu geta einstaklingar sem nota vímuefni í æð komið og sótt sér hreinan sprautubúnað, smokka, nálabox og skilað af sér notuðum búnaði til förgunar. Jafnframt er boðið upp á skaða-

minnkandi leiðbeiningar eins og forvarnir varðandi ofskömmtn, fræðsla um HIV og lífrarbólgu C og almennt um öruggari sprautunotkun. Markmiðið með nálaskiptiþjónustu er m.a. að draga úr sýkingum og smitum á HIV og lífrarbólgu. Eins er mikilvægt að ná sambandi við þennan afar jaðarsetta hóp og að

lágmarka áhættuhegðun og ofskömmtn meðal þeirra sem nota vímuefni í æð.

Frú Ragnheiðar verkefnið fargaði 2.670 lítum af notuðum sprautubúnaði í samstarfi við Landspítalann á árinu. Eitt af markmiðum verkefnisins er að draga úr að notaður búnaður verði eftir á götum borgarinnar eða sé settur í ruslið. Þetta er liður í samfélagslegri skaðaminnkun.

Aldur þeirra sem fengu þjónustu í Frú Ragnheiði



Heilbrigðisþjónusta eykst

Heilbrigðisþjónustan snýr helst að því að sinna sárum og sýkingum hjá skjólstæðingum, ásamt almennri heilsufarsskoðun. Heilbrigðisþjónustan í Frú Ragnheiði jókst mikið á árinu.

Mikilvægur hluti af þjónustunni var í formi þess að gefa skjólstæðingum mat, næringu, og veita sálrænan stuðning og ráðgjöf. Sérstök áhersla var lögð á að styðja betur við skjólstæðinga sem upplifðu mikla andlega vanlíðan og þá sérstaklega þá sem glímdu við sjálfsvígshugsanir. Þá hringdu sjálfboðaliðar daglega í viðkomandi, veittu

samtal í síma og buðu heimsókn í bílinn. Að auki veitti verkefnastýra stuðningsviðtöl og aðstoðaði skjólstæðinga við fá viðeigandi geð- og sálfræðipjónustu.


Aukning í yngsta aldurshópnum

Aldrei hafa eins margir einstaklingar á aldrinum 18-20 ára leitað til Frú Ragnheiðar en sá aldurshópur þrefaldaðist árið 2018. Ein ástæða þess er mikil áhersla verkefnisins á að ná til einstaklinga á þessum aldri vegna þeirrar miklu áhættu sem fylgir notkun ungs fólks á vímuefnum í æð. Verkefnastýra reyndi að ná í alla sem leituðu í bílinn á aldrinum 18-20 ára og lagði sérstaka áherslu á að byggja upp gott samband við einstaklingana. Farið var yfir stöðu þeirra og þeim boðinn auka stuðningur m.a. við að komast í vímuefna meðferðir, fá heimilislækni og aðstoð við að hitta félagsráðgjafa. Að auki var lögð sérstök áhersla á að veita þessum einstaklingum skaðaminnkandi fræðslu til að reyna að lágmarka áhættuhegðun sem tengist vímuefnanotkun í æð.

Sjálfbóðaliðar

Fjöldi klukkustunda í sjálfbóðavinnu óx mikið á árinu, úr 3.032 í 4.627 klst. Ástæður fyrir þessari miklu fjölgun á unnum tímum eru aðallega tvær. Vaktin í Frú Ragnheiði er orðin lengri, vaktin er að lágmarki 4 klst. í senn vegna mikilla eftirspurnar eftir þjónustu og einnig bættist við 4 klst. bakvakt með læknum í lok febrúar. Átta lækna tóku þátt í verkefninu og skiluðu þau 1.000 klukkustundum í sjálfbóðnu starfi fyrir verkefnið. Sjálfbóðaliðar í verkefninu voru alls 91.

Bílinn hitti á einstaklinga í öllum hverfum borgarinnar og fór í öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu. Langmest var óskað eftir þjónustu í Reykjavík en 92% af öllum heimsóknum áttu sér stað í umdæmi Reykjavíkur. Þar á eftir kom Kópavogur og svo Hafnarfjörður. Frú Ragnheiður þjónustar fjögur úrræði á vegum Reykjavíkurborgar og er með fasta viðveru þar 6x í viku. Þessi úrræði eru Gistiskýlið, Smáhýsin, Miklabraut 20 og Hringbraut 121.



Þjónusta við Frú Ragnheiði

- Nálaskiptipjónusta
- Heilbrigðisþjónusta
- Næring, sálrænn stuðningur

Markmiðið með skaðaminnkandi verkefni eins og Frú Ragnheiði er fyrst og fremst að halda fólki á lífi, að koma í veg fyrir óafturkræfan skaða og gera það sem við getum til að auka heilsu og lífsgæði einstaklinga. +

Heilbrigðisþjónusta í Frú Ragnheiði

Elísabet Brynjarsdóttir

Í Frú Ragnheiði var lögð mikil áhersla á að auka og efla heilbrigðisþjónustuna í bílnum fyrir skjólstæðinga okkar á árinu. Í lok febrúar 2018 var innleidd sýklalyfjameðferð í bílnum í samstarfi við lækna sem eru á bakvöktum í verkefninu. Sýklalyfjameðferðin felur í sér að skjólstæðingar, sem eru til dæmis með sýkingar eftir stungu eða vegna sára, geta komið í bílinn, fengið skoðun hjá heilbrigðisstarfsmanni á vakt og lækni á bakvakt skrifar út viðeigandi sýklalyf. Sýklalyfið er svo leyst út með aðstoð frá Hjálparstarfi kirkjunnar og komið til skjólstæðinga daginn eftir. Samhliða þessu er mikil eftirfylgd með sýkingum og sárum með ráðlögðum endurkomum í samstarfi við skjólstæðingana.

Ávísun sýklalyfja til skjólstæðinga við sýkingum, í samstarfi við þá lækna sem eru á bakvakt í verkefninu, er mikilvæg því þannig er hægt að grípa fyrr inn í og koma jafnvel í veg fyrir innlagningar á spítala og flóknari meðferðir. Á aðeins átta mánuðum, frá því að við höfum sýklalyfjameðferðir í bílnum, höfum við aðstoðað 40 einstaklinga við að fá sýklalyf og höfum fylgt öllum sýklalyfjameðferðum eftir með skráðum endurkomum. Af þessum 40 einstakling-

um kláruðu 37 einstaklingar meðferð hjá okkur án innlagningar á spítala. Alls voru skráðar 219 komur í bílinn á tímabilinu sem voru vegna sýkingar eða sárameðferðar. Af þessum 219 komum voru 64 komur í fyrsta sinn vegna heilbrigðisvandamála en 155 endurkomur. Alls voru 43 einstaklingar sem þurftu á þjónustu að halda vegna sára og sýkinga en af þeim voru 7 einstaklingar sem áttu flestu komurnar eða 120 komur. Einn skjólstæðingur átti 18 endurkomur

vegna sýkingar sem hann losnaði á endanum við án komu á spítala.

Heilbrigðisþjónustan í bílnum samanstendur meðal annars af meðhöndlun sára, umbúðaskiptum, saumatöku og blóðþrýstingsmælingum. Sömuleiðis er hægt að nálgast almenna heilsufarsráðgjöf og skoðun, þar með talið fræðslu um HIV- og lífrabólgu smitleiðir. Það er alltaf einn sjálfbóðaliði á vakt í bílnum sem getur sinnt heilbrigðisþjónustu. Árið 2015 var Líf-

Heimsóknþjónusta

Heimsóknavinir eru sjálfbóðaliðar sem heimsækja fólk á heimili þess; á stofnanir, sambýli, dvalar- og hjúkrunarheimili. Markmið sjálfboðaliða í heimsókna- þjónustu er að bæta lífsgæði heimsóknapega, sem eru nefndir gestgjafar í verkefninu. Hvar og hvenær heimsókn á sér stað er samkomulagsatriði hjá gestgjafa og heimsóknavini. Beiðnir eru breytilegar, en reynt er að mæta þörfum og óskum gestgjafanna eins og kostur er. Viðmið er að heimsóknartími sé um klukkustund einu sinni í viku.

Verkefnastjórar deilda á höfuðborgarsvæðinu vinna saman í teymi að fræðslu fyrir nýliða í verkefninu, sem almennt er í boði einu sinni í mánuði yfir vetrartímann. Einnig vinnur teymið að því að skipuleggja sameiginlega fræðslu fyrir heimsóknavini á höfuðborgarsvæðinu,

þar sem m.a. var boðið upp á fræðslu um núvítund og kvíða.

Tengiliðir eru sjálfbóðaliðar með haldgóða reynslu úr heimsóknþjónustunni. Hlutverk þeirra er að kynna heimsóknavin fyrir gestgjafa og fylgjast með

stöðu mála að umþóttunartíma loknum, 4-6 vikur og síðan á 6 mánaða fresti. Tveir nýjir tengiliðir tóku til starfa á árinu.

Á árinu 2018 fengu eftirtaldar stofnanir reglulega heimsóknir frá sjálfbóðaliðum: Droplaugarstaðir, Eir, Grund Mörkinni, Grund á Hringbraut, Norðurbrún 1, Skjól, Seljahlíð og sambýli á Sléttuvegi.

Á vörfundi heimsóknavina fór Sveinbjörg María Dagbjartsdóttir MA nemi í félagsráðgjöf yfir niðurstöðu ritgerðar sinnar, Sjálfbóðaliðastörf og aldraðir: Að láta gott af sér leiða. Viðmælendur hennar voru eldri heimsóknavinir og skoðaði hún áhrif sjálfbóðastarfa á lífsgæði þeirra. Í ljós kom að sjálfbóðastarf jók á

bólgu C verkefni hleypt af stað á Íslandi. Íslensk heilbrigðisyrirvöld veittu fjármagn til verkefnisins sem meðal annars var varið til blóðrannsóknna og annarrar þjónustu. Þetta var stórt verkefni sem unnið var í samstarfi við marga aðila, meðal annars Frú Ragnheiði sem nær vel til vímuefnanotenda sem þurfa á meðferðinni að halda. Frú Ragnheiður hefur aðstoðað skjólstæðinga við að komast í meðferð, boðið upp á svokölluð hraðtest sem greina möguleg smit og haldið utan um lyfjagjafir skjólstæðinga. Í desember héldu sjúkraflutningamenn fjáröflunarátakið Lífróður fyrir Frú Ragnheiði þar sem safnað var fyrir æðaskanna sem við höfum nú tekið í notkun, sem auðveldar okkur og skjólstæðingum að finna æðar. Æðaskanninn dregur úr óþarfa stungum, sýkingum og örmyndum í æðum og er því verkefninu ómetanlegur.

Samstarf hefur verið aukið við önnur úrræði sem standa jaðarsettum einstaklingum til boða og heilbrigðisþjónustan hefur sífellt aukist í bílum. Í lok árs var undirrituð ráðin sem hjúkrunarfræðing-



Elísabet Brynjarsdóttir.

ur í verkefnið. Hlutverk mitt er meðal annars að hafa yfirsýn yfir alla þá líkamlegu heilbrigðisþjónustu sem er veitt í verkefninu, ásamt því að sinna málsvarastarfi fyrir jaðarsetta hópa í samfélaginu.

Í tengslum við umræðu um skaðaminnkun er mikilvægt að viðurkenna að jaðarsettir hópar samfélagsins mæta fjölmörgum hindrunum þegar þeir sækja

sér heilbrigðisþjónustu; undirliggjandi fordómar og fyrirframákveðnar hugmyndir um erindagjörðir þeirra er meðal þess sem skjólstæðingar Frú Ragnheiðar hafa itrekað upplifað. Í mörgum tilfellum neita þau einfaldlega að leita eftir heilbrigðisþjónustu fyrr en vandinn er orðinn grafalvarlegur og krefst mögulega langrar innlagnar. Þess vegna eru verkefni á borð við Frú Ragnheiði mikilvæg, til þess að styðja við heilbrigðiskerfið sem og fjölbreyttar þarfir jaðarsettra hópa. Skjólstæðingum er mætt á þeim stað sem þeir eru í hvert sinn, líkamlega og andlega. Þjónustan, sem flokkast sem nærþjónusta, felst í því að þeir sem veita þjónustuna leita uppi einstaklingana. Þannig nálgumst við þá í því umhverfi sem er aðgengilegast fyrir þá og þjónustan er sótt á þeirra forsendum. Komið er fram við notendur af virðingu, fordómaleysi og með skilning gagnvart þörfum þeirra að leiðarljósi. Með því að veita jaðarsettum hópum þjónustu í þeirra nærumhverfi eykst aðgengi þeirra að ráðgjöf, fræðslu, heilbrigðisþjónustu og skaðaminnkandi aðgerðum. +

vellíðan og sjálfstraust og kom í staðinn fyrir tengsl sem fólk missti við starfslok. Það er sýn Sveinbjargar að aldraðir einstaklingar séu mikilvægur mannaúður sem búi yfir ómetanlegri reynslu sem nýta má í sjálfböðastarfi.

Á vormánuðum tók heimsóknavinur að sér að leiða hóp pólskra karlmanna í Gerðubergi. Þátttakendur hittust einu sinni í viku en ekki varð framhald á þeim fundum eftir sumarfrí.

Kynjahlutfall sjálfböðaliða í heimsóknabjónustunni skiptist þannig að karlar eru 30 % en konur 70 %. Í byrjun árs var verkefninu veittur styrkur frá Velferðaráði Reykjavíkurborgar sem styður vel við starfið. +

Fatakort

Tilgangurinn með útgáfu fatakorta er að aðstoða tekjulága einstaklinga og fjölskyldur, hælisleitendur, flóttafólk og útlendinga í neyð. Fatakortin virka sem úttektarheimild og eru ígildi peninga sem hægt er að nota í verslunum Rauða krossins á höfuðborgarsvæðinu.

Núverandi úthlutunarfyrirkomulagi var komið á í lok árs 2015. Með fatakortum hafa skjólstæðingar Rauða krossins sama vöruúrval í verslunum félagsins á

höfuðborgarsvæðinu og allur almenn-ingur. Hver einstaklingur getur sótt um úthlutun tvisvar á ári fyrir sig og ólöggráða börn, alls kr. 15.000. Afgreiðsla korta til



Gönguvínir fara í léttar göngu í nágrenni við höfuðborgarsvæðið.

Gönguvínir

Heimsóknavinur með sjö ára starfsreynslu af heimsóknum til einstaklings, bauðst til þess að koma af stað skemmtilegu gönguverkefni fyrir konur, sem eru félagslega einangraðar en hafa getu til að hreyfa sig og áhuga á því.

Byrjað var á láglendi en smátt og smátt tekist á við meiri áskorun. Fjórum konum var boðið að stíga út fyrir þægindarammann, mynda tengsl við aðrar konur og ganga saman í því einstaka umhverfi sem umlykur höfuðborgarsvæðið.

Skortur á búnaði eða þjálfun til útivistar útilokar enga konu frá þátttöku í verkefninu. GG Sport bauðst til að aðstoða við að útvega þann búnað sem nauðsynlegur er til að hægt sé að vera úti allt árið um kring. +



Ingibjörg Kristjánsdóttir t.v. Mats Wibe Lund og Magnea Sigurhansdóttir t.h.

Ljósmyndasýningar á Grund

Hinn landskunni ljósmyndari Mats Wibe Lund er heimsóknavinur á Grund þar sem hann býður vistmönnum upp á að skoða myndir af fyrrum heimkynnum þeirra. En Mats er hvað kunnastur fyrir átthagamyndir sínar og er talið að finna megi mynd eftir hann á nánast hverri einustu bæjarskrifstofu á Íslandi. Þá hefur hann ljósmyndað langflesta sveitabæi landsins. +


þeirra, sem hafa kennitölu, fer fram í húsi Rauða krossins í Efstaleiti 9 á þriðjudögum frá kl. 13:00-til 16:00. Alls fengu 1393 einstaklingar úthlutað fatakort og upphæð úthlutana nam alls kr. 15.750.000.

Úthlutun til hælisleitenda

Umsækjendum um alþjóðlega vernd standa fatakort til boða á tveggja mánaða fresti. Afgreiðsla kortanna fer

fram í opnum viðtalstímum hjá Rauða krossinum. Umsækjendum um alþjóðlega vernd fækkaði um 295 á milli ára og voru alls 800. Á árinu 2018 var úthlutað 4814 fatakortum til 935 umsækjenda um alþjóðlega vernd og virði úthlutunar var 24.070.000 krónur. Úthlutum í upphafi árs til þeirra sem eru enn í málsmeðferð frá fyrra ári skýrir hvers vegna fleiri einstaklingar fá úthlutað heldur en sóttu um vernd. +

Aldur og kyn umsækjenda



Áfallasjóður

Áfallasjóður er samvinnuverkefni deilda Rauða krossins á höfuðborgarsvæðinu og hefur það markmið að aðstoða tekjulága einstaklinga og fjölskyldur, sem verða fyrir skyndilegu fjárhagslegu áfalli og eiga engan eða takmarkaðan kost á aðstoð annars staðar frá.

Áhersla Rauða krossins felst í að hjálpa fólki við að ná sér aftur á strik eftir ófyrirséð fjárhagslegt áfall, svo sem í tengslum við sjúkdóma og slys.

Sjóðstjórn er skipuð fulltrúum deilda á höfuðborgarsvæðinu og fulltrúum landskrifstofu. Hlutverk sjóðsstjórnar er að setja sjóðnum stefnu og reglur, afla tekna, fylgjast með starfi úthlutunarnefndar, fara yfir stöðu sjóðsins á fundum og taka afstöðu til álitafna. Úthlutunarnefnd, sem í eru tveir einstaklingar sem þekkja til velferðamála og einn fulltrúi sjóðsstjórnar, tekur endanlegar ákvarðanir um úthlutunir.

Umsókn er hægt að fylla út á vef Rauða krossins. Starfsmaður er umsækjendum til aðstoðar varðandi öflun gagna. Hann undirbýr fundi úthlutunarnefndar, útbýr yfirlit gagna og situr fundina. Umsóknir frá 111 einstaklingum bárust en samþykktar voru 85. Úthlutað var samtals ríflega ellefu milljónum króna á árinu.

Styrkþegar höfðu þetta um sjóðinn að segja:

Mín reynsla af því að hafa sótt um styrk til sjóðsins er góð. Ferlið er þægilegt og einfalt.

Mér þótti andlega erfitt að stíga þetta skref og biðja um hjálp en þessi aðstoð hefur hjálpaði mér heilmikið og hefur gert það að verkum að ég hef átt betur með að takast á við þann vanda sem heimilisofbeldi er. Ég hafði ekki fjárhagslegt bolmagn til að geta sótt þann stuðning sjálf, sem ég þurfti svo sannarlega á að halda. Ég hugsa til ykkar með þakklæti fyrir hjálpina.

Ég hef verið að koma undir mig fótunum eftir erfitt tímabil og þessi styrkur hjálpaði mér að borga tryggingu á leiguhúsnæði svo ég gat loksins flutt af áfangaheimilinu sem ég bjó á og ég get nú loksins byggt upp mitt eigið heimili.

Áfallasjóður RKÍ hjálpaði mér mjög mikið og enn þann dag í dag er ég afar þakklát fyrir að hafa fengið stuðning frá ykkur. Áfallasjóðurinn gerði mér kleift að vinna úr hrikalegu áfalli sem ég varð fyrir. Þar sem ég er einstæð með tvö börn þá var mjög erfitt fyrir mig að greiða fyrir áfallameðferð. Það birtist mikið ljós í lífi mínu að hafa fengið þetta samþykkt og í raun bjargaði það lífi mínu. Í dag er ég komin aftur í 100% vinnu og ákvað fljótlega eftir að ég fékk úr sjóðnum að sækja um að vera sjálfboðaliði hjá RKÍ - hef reynt að gefa til baka þegar ég get. +

Starf með innflytjendum

Opið hús – stuðningur við innflytjendur hefur nú lokið sínu þriðja starfsári. Tilgangur verkefnisins er að veita innflytjendum aðstoð við að leysa úr praktískum úrlausnarefnum, sem og stuðning við að fóta sig í íslensku samfélagi. Helsti markhópurinn eru þeir einstaklingar sem nýlega hafa fengið stöðu sem flóttamenn eftir að hafa komið hingað til lands sem umsækjendur um alþjóðlega vernd.

Í Opnu húsi veita sjálfbóðaliðar persónulega aðstoð þeim sem þangað leita. Opið hús er haldið tvisvar í viku, á þriðjudögum og fimmtudögum og stendur yfir í tvær klukkustundir í senn. Fjöldi sjálfbóðaliða á vakt eru 3-6. Verkefnið var í gangi allt árið, en yfir sumartímann er einungis opið einu sinni í viku. Rétt eins og fyrri ár hafa langflestir þeirra sem til okkar leita verið í brýnum húsnæðisvanda og óskað eftir aðstoð við að leita sér að leiguhúsnæði á viðráðanlegu

verði. Um 90% tíma sjálfbóðaliða í verkefninu hefur farið í húsnæðisleit. Einnig hafa gestir hafa óskað eftir aðstoð varðandi atvinnuleit og gerð ferilskráa, leit að ódýrum húsgögnum og húsbúnaði, upplýsingar um íslenskunám og aðra námsmöguleika, svo og upplýsingar um réttindi og skyldur í íslensku samfélagi.

Húsnæðisleit hefur gengið mun betur heldur en í fyrra. Á árinu hafa 110 einstaklingar fengið húsnæði með aðstoð

Opins húss. Það er mikil fjölgun frá því í fyrra, en þá fengu 65 einstaklingar húsnæði með aðstoð Opins húss.

Margir skjólstæðingar leita í Opið hús eftir að þeim hefur verið veitt alþjóðleg vernd, en þá hafa þeir aðeins 2 vikur til að yfirgefa búsetuúrræði Útlendingastofnunar og finna sér húsnæði á almennum leigumarkaði. Sumir þeirra sem leita til okkar hafa þegar misst húsnæði sitt og jafnvel verið heimilislausir um einhvern tíma.

Haldin var atvinnukynning í febrúar, þar sem fimm fyrirtækjum og stofnunum var boðið að koma og kynna sína starfsemi. Vel var mætt á kynninguna, en þangað komu um 40 manns með ferilskrár sínar til að kynna sig og hitta atvinnurekendur. Þá var einnig vel mætt á fjármálafræðsla sem haldin var þrisvar á árinu í samstarfi við Íslandsbanka.

Námskeiðið Velkomin til Íslands er í boði fyrir alla þá sem eru nýkomnir til Íslands. Námskeiðið er sambland af samfélags-

Leiðsögumenn flóttafólks

Sjálfbóðaliðar Rauða krossins veita flóttafólki félagslegan og praktískan stuðning til sjálfstæðis í nýju landi, og til þess fá sjálfbóðaliðarnir þjálfun og stuðning. Í verkefninu störfuðu 72 leiðsögunnangar á árinu 2018.



Guðrún Vera Marco: „Ég hef hjálpað Veru og Spencer að líða eins og þau séu hluti af íslensku samfélagi. Margar reglur eru óskrifðar og þau geta spurt mig hvaða spurninga sem er, t.d. um launakjör og leikskóla. Þegar við hittumst vinnum við stundum að ákveðnum verkefnum eða markmiðum en öðrum stundum hittumst við bara og njótum þess að vera saman. Fjölskyldan mín er orðin fjölskylda þeirra.“

Í verkefninu eru sjálfbóðaliðar paraðir til eins árs við einstaklinga/fjölskyldur sem hafa nýverið fengið alþjóðlega vernd á Íslandi. Verkefnið byggir á styrkleikum flóttafólksins og er stuðningurinn annars vegar félagslegur og hins vegar tengdur praktískum úrlausnarefnum. Markmið verkefnisins er að styðja hina nýkomnu til sjálfstæðis í nýju landi með því að gera þeim kleift að nýta hæfileika sína og þau tækifæri sem eru fyrir hendi til að farnast vel á Íslandi. Tekin eru ítarleg viðtöl við báða aðila og síðan eru paraðir saman þeir sem eitthvað eiga sameiginlegt með tilliti til áhugamála, menntunar og fjölskyldugerðar.

Þjálfaðir sjálfbóðaliðar

Sjálfbóðaliðar þurfa að vera 24 ára eða eldri. Þeir sitja sjö klukkustunda námskeið þar sem farið er yfir grundvallarhugsjónir Rauða krossins, umsóknarferli um alþjóðlega vernd, félagsþjónustu fyrir flóttafólk, menningarmun, sálrænan stuðning og leiðir til að takast á við tungumálaörðugleika.

Dæmi um það sem einstaklingar í verk-

fræðslu og samtali um menningarmun. Námskeiðið hefur verið haldið fjórum sinnum á árinu og hefur 32 þátttakandi útskrifast.

Gönguverkefnið Gestir og gangandi er samstarfsverkefni með Ferðafélagi Íslands þar sem farið er í göngur í nágrenni Reykjavíkur. Markmið verkefnisins er að íslenskir göngugarpar og flóttafólk fái tækifæri til að koma saman til að njóta íslenskrar náttúru og upplifa saman þá einföldu ánægju sem hafa má af útiveru. Farið var í fimm vorgöngur í apríl og maí. Meðal annars var gengið á Mosfell og Úlfarsfell. Í október var síðan farið í fjórar haustgöngur þar sem gengið var á Valahnúka, um Gálghaun, kringum Hvaleyrarvatn og að lokum tekinn Varmárhringur í Mosfellsbæ. +

Fjöldi opinna húsa í heild: 85

Heimsóknir í heild: 1.372

Fjöldi sjálfbóðaliðastunda: 776

Einstaklingar sem komist hafa í leiguhúsnæði: 110

efninu gera saman eru; matarboð, sundlaugaferðir, sameiginleg jólaboð, gera ferilskrár, ferðir um Ísland, þýða bréf, fara á kaffihús, leita að húsnæði og að æfa íslensku. Með þeim tengslum sem myndast í verkefninu fá þátttakendur dýrmæta innsýn í menningu hvers annars sem vonandi verður til þess að byggja brýr á milli fólks í fjölmennings-samfélaginu Íslandi.

Vinasambönd verða til

Mörg leiðsögumannaparanna halda áfram samskiptum eftir að verkefninu lýkur og í sumum tilfellum verða til vinasambönd. Margir þeirra sjálfbóðaliða sem lokið hafa verkefninu hafa lýst áhuga á að vera paraðir á nýjan leik og í einhverju tilfellum hefur það þegar verið gert. Þann 4. nóvember 2018 fluttu þeir Sveinbjörn Finnsson og Mohammed Al-Taie TedX fyrirlestur í Tjarnarbíói þar sem þeir deildu reynslu sinni af verkefninu.

„Eftir eitt ár er verkefninu lokið. Sambandið milli okkar er ekki lengur á milli flóttamanns og leiðsögumanns flóttamanns. Við erum núna nánir

Heilahristingur - Námsaðstoð

Rauði krossinn í Reykjavík sinnir verkefninu Heilahristingur - Námsaðstoð af miklum þrótti, en sjálfbóðaliðar hreyfingarinnar aðstoða á annað hundrað börn vikulega með heimanám víða um borgina. Markmið verkefnisins er að styrkja og styðja nemendur af erlendum uppruna við heimanám, lestur og lesskilning og stuðla þannig að jöfnum tækifærum barna til náms.

Á árinu 2019 siglir verkefnið inn í sitt tuttugasta starfsár. Í upphafi var það þáverandi ungmennadeild Rauða krossins í Reykjavík sem hóf starfið, sem síðan hefur vaxið og dafnað í gegnum árin og í farsælu samstarfi við Borgarbókasafnið síðan 2008. Árið 2019 má búast við stærsta fjölda nemenda og sjálfbóðaliða frá upphafi starfsins.

Sjálfbóðaliðar Rauða krossins hitta nemendurna á bókasöfnum borgarinnar eða á skólabókasafni þess skóla þar sem aðstoðin er í boði einu sinni í viku.

Áherslan er einna helst á íslensku, lestur og lesskilning auk þess að aðstoða við alla þá flóru verkefna sem börnin fá sem heimanám. Talið er að lesskilningur sé sá þáttur sem einna mest áhrif hefur á árangur í námi og því mikilvægt að styrkja þann þátt sérstaklega og stuðla að jöfnum tækifærum barna. Einnig er lögð áhersla á að eiga notalega stund í vinalegu umhverfi þar sem börnin og sjálfbóðaliðarnir spjalla saman um allt milli himins og jarðar og ósjaldan taka þau í spil að lestri loknum.

Öflugt ár

Starfið í Heilahristingi á árinu hefur verið kröftugt. Það er ljóst að verkefnið er að skila miklu til þeirra barna sem nýta heimanámsaðstoðina. Verkefnið fer fram á 6 stöðum í Reykjavík í frábæru samstarfi við Borgarbókasafnið, og skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. Verkefnisstaðirnir eru Menningarhúsin Gerðubergi, Kringlunni og Árbæ og að auki í Hlíðaskóla, Laugarnesskóla og í Borgum félagsmiðstöð velferðarsviðs í Grafarvogi.

Samhliða því að fá aðstoð við heimanám og lestur kynnast nemendurnir hvaða tækifæri bjóðast á bókasöfnum í tengslum við nám, áhugamál og tómstundir auk þess að skapa rými til að mynda félagsleg tengsl og er ánægjulegt að vita af því að mörg barnanna hafa aukið komur sínar á bókasöfinn..


Í ár var verkefnið þess heiðurs aðnjótandi að hljóta að gjöf ágóða af basarsölu Kvennadeildar Rauða krossins í Reykjavík og Handverkshóps Kvennadeildarinnar og færur við þeim og öllum þeim sem styrktu verkefnið með komu á basarinn í desember síðastliðnum kærar þakkar fyrir. +

Fjöldi notenda 130

Fjöldi sjálfbóðaliða 50

vinir. Ég get sagt að verkefnið leiðsögumaður flóttamanns hafi breytt lífi mínu“ – Mohammed

Á árinu 2018 tóku 72 pör þátt í verkefninu, þar af hófu 48 störf á árinu. Af þeim voru 23 fjölskyldur með börn undir 18 ára aldri. Flóttafólkið var af 21 þjóðerni og voru fjölmennustu hóparnir frá Kúrdistan, Afganistan og Sýrlandi. Meðalaldur flóttafólks var rúmlega 34 ár. Meðalaldur sjálfbóðaliða var tæplega 42 ár. +



Rabb við leiðsögupar

Eggert Jónasson

Við mælum okkur mót á föstudagssíðdegi að vinnu lokinni. Dag er tekið að lengja, en hvergi neitt fararsnið á vetrinum. Á Hverfisgötunni er klakabrynja á öllum gangstéttum og vissara að fara varlega. Fundarstaðurinn heitir Kaffi Vínyl og þeir Atli Bollason og Hassan Shahin eru mættir og búnir að spjalla stund þegar ég bætist í hópinn. Næ mér fyrst í kaffibolla og sest svo niður hjá þeim. Segi þeim strax að ég vilji hafa spjallið eins óformlegt og hægt er.

Ég byrja á því að útskýra fyrir þeim félögum hver tilgangurinn er með samtalinu og segi þeim um leið ögn af mér sjálfum. Við verðum sammála um að best sé að hafa spjallið á ensku. Hassan er raunar þegar búinn að fara á þrjú íslenskunámskeið, en hann treystir sér

Nú eru rétt tæp tvö ár síðan Hassan kom fyrst til Íslands sem flóttamaður. Hingað kom hann frá Írak, en þangað hafði hann 4 árum áður flúið slæmt ástand í heimalandi sínu, Sýrlandi. Það lifnar yfir honum þegar hann minnst á Sýrland og hann leggur áherslu á að hann hafi búið

svarið er einfaldlega að það hafi vakið athygli hans hversu fáir bjuggu á Íslandi.

Fyrst um sinn eftir komuna til Íslands dvaldi Hassan á Arnarholti. Ekki leið á löngu þar til starfskona þar benti honum á Rauða krossinn í Efstaleiti og fór Hassan uppfrá því að venja komu sína á opin hús þar. Eftir tæplega árs dvöl á landinu sem hælisleitandi fékk Hassan samþykktu umsókn sína um hæli á Íslandi og í kjölfarið kom hann inn í leiðsögumannaverkefnið hjá Rauða krossinum í Reykjavík.

Hassan er ánægður á Íslandi og búinn að finna sér starf og sömuleiðis íbúð sem hann leigir með serbneskri fyrrum samstarfskonu. Það er mikilvægt fyrir Hassan að það komi skýrt fram að hann hafi fundið sér sín störf sjálfur. Hann gekk á milli fyrirtækja og gafst ekki upp fyrr en hann var búinn að útvega sér vinnu, þrátt fyrir mjög litla kunnáttu í tungumálinu. Fyrst eftir komuna til landsins starfaði Hassan hjá saumastofum, en í dag vinnur hann hjá Sundlaug Garðabæjar og er að sögn ánægður í vinnunni.

Ég spyr hann út í reynslu hans af leiðsögumannaverkefninu og af starfi Rauða krossins. Það færir breitt brosið yfir andlitið. Hann segir Rauða krossinn og starfsfólk hans hafa reynst sér afskaplega vel. Pimm Westra, verkefnastjóri, er honum ofarlega í huga, en almennt er honum greinilega mjög hlýtt til starfsmanna Rauða krossins. Hassan segist hafa rætt við vini sína í Þýskalandi og þar sé þjónusta Rauða krossins langt frá því sem hún er á Íslandi. Hann lætur mjög vel af kynnum sínum af Atla og því ári sem þeir eru búnir að þekkja. „Hann er mér eins og bróðir“ segir hann og al-



Góð vinátta hefur myndast milli Atla og Hassan en þeir kynntust í leiðsögumannaverkefni Rauða krossins.

eðlilega ekki í heilt viðtal á íslensku. Enskan vefst raunar líka fyrir honum og okkur og einstaka sinnum í spjallinu lendum við í erfiðleikum með skilning, en með samstilltu átaki hefst þetta allt. Að sjálfsögðu er Atli leiðsögumaður með okkur og aðstoðar þegar illa gengur. Það vekur athygli mína hvað það er bjart yfir Hassan. Hann kemur mér fyrir sjónir sem einlægur og ákveðinn maður sem vill aðlagast lífinu á Íslandi sem allra fyrst.

Í Damaskus og þykir greinilega vænt um heimaborg sína. Hassan á augljóslega ekki góðar minningar frá Írak. Hann talar um að tíminn þar hafi verið mjög erfiður. Faðir hans, móðir og bróðir voru þar líka og bjuggu þau í kúrdíska hluta Íraks. Hassan segir að mjög erfitt hafi verið fyrir hann að vera í Írak og því hafi hann fljótlega farið að skoða möguleika á að komast áfram. Ég spyr hann hvers vegna Ísland hafi orðið fyrir valinu og

veg ljóst að milli þeirra tveggja ríkir væntumþykja og virðing. Hassan er búinn að kynnast allri fjölskyldu Atla og hélt meðal annars upp á síðustu jól með þeim. Sömuleiðis er Hassan hændur að tveimur ungum sonum Atla og auðfúsugestur á heimili hans. Mér heyrir á öllu að þeir tveir séu búnir að bindast vináttuböndum til lengri tíma, þótt formlega sé þeirra árs verkefni að taka enda.

Það kemur skýrt fram í samtalinu við Hassan að fjölskyldan er honum afar mikilvæg. Hann styður í dag við foreldra sína sem búa nú á nýjan leik í Sýrlandi en við harðan kost. Draumur hans er að fá foreldra sína til sín og geta boðið þeim upp á betra líf en þau upplifa í dag.

Hassan er slyngur klæðskeri og vinnur í dag talsvert af slíkum verkum í aukavinnu. Hann segir mér glaður frá því að fyrir stuttu hafi Sigrún Erla verkefnastjóri í málefnum innflytjenda haft samband og að erindið hafi verið að láta hann vita af gamalli saumavél sem hún hafi fundið handa honum. Það leyndir sér ekki gleðin hjá Hassan yfir þessum góða greiða. Hann segist nú vera orðinn fullnuma á þessa vél og að hann sé þegar farinn að fá verkefni í saumaskap utan hefðbundins vinnutíma.

Þegar á líður fæ ég tækifæri til að tala aðeins við Atla og spyrja hann út í þátttöku- na í Leiðsögumannaverkefninu. Hann segir að kærasta sín hafi bent honum á auglýsingu um verkefnið og í kjölfarið hafi hann sett inn umsókn. Fljótlega hafi svo verið haft samband og hann boðaður á námskeið. Upp úr því hafi þeir Hassan svo verið paraðir saman. Atli segir árið með Hassan að mörgu leyti hafa verið auðvelt. Oftast er það svo að mikill tími leiðsögumanna fari í að liðsinna varðandi leit að starfi og/eða húsnæði. Í tilfelli Hassans hafi því ekki verið til að dreifa, því Hassan hafi af dugnaði verið búinn að bjarga sér með hvoru tveggja áður en leiðir þeirra lágu saman. Ég spyr Atla að lokum hvort að hann sé búinn að íhuga hvort hann haldi áfram í leiðsögumannaverkefninu. Hann segist ekki vera búinn að skoða hug sinn í því efni, en framundan sé viðtal í Efstaleitinu til að fara yfir stöðu mála.

Þegar hér er komið sögu er farið að rökkva og búið að kveikja á kertum á borðum. Ég þakka þeim vinunum fyrir gott klukkustundar spjall og hverf á braut út í föstudagskvöldið. +

Craft Around the World

Frances Sykes

This group was started to help anyone feeling isolated or lonely, using craft activities. Many of the people who have joined us come from other countries hence Craft around the world. All are welcome to come and see what we do. People can come for as long a time as they like, have a chat, join in a craft activity or show us their craft. Not long ago we counted 13 nationalities round the table and still had a language problem. We have found the biggest step is to come and join us, so we try to be as welcoming and helpful as possible.



Frances Sykes hefur haldið utan um hópinn Craft Around The World frá árinu 2012.

Numbers vary from week to week. We have a core of people who are able to come as often as they can. To keep it interesting for all and to help anyone joining we have various projects which all are welcome to help with.

We have been making 'Welcome Packs' for refugees. Any refugee arriving in Iceland gets a pack containing a hat, scarf, mitts/gloves and socks. Most of which have been knitted or crochet by the group, though we do get some donations. So the refugees get items to keep them warm and in the group we get to practise our knitting and crochet skills. As knitting in particular is a very Icelandic craft we can help anyone joining us to learn. We have a stash of wool, needles and patterns.

This last year we have also made octopuses for premature babies, which were very gratefully received by the baby unit at Landspítali. They were such a suc-

cess we had a request for a 2nd batch and now they have a group who make them for the unit.

We made a small batch of trauma bears for the ambulance service though they have a group who knit bears for them it gave us another project.

As a Christmas project we have made presents for the Women's Homeless Shelter. Wash clothes, bookmarks and felted purses.

We have other craft materials available for sewing, and painting but by far the most popular craft is knitting and crocheting. We try to encourage anyone joining us to show us their home country crafts. With such an amazing array of nationalities we have an opportunity to experience and include new craft ideas we are open to all ideas and crafts. After all our group title is Craft Around the World. +

EVS Sjálfböðaliðar

European Voluntary Service - eða evrópska sjálfböðalþjónustan er hluti af Erasmus+ áætluninni. Rauði krossinn í gegn um Sjálfböðaliðamiðstöð, tekur árlega á móti sjálfböðaliðum frá Evrópu sem leggja félaginu til krafta sína í 12 mánuði.



Sjálfböðaliðarnir tóku þátt í ýmsum verkefnum: Konukoti, Vin, Opnu húsi, ungmenntastarfi og hverfastarfi. Í heildina störfuðu 13 sjálfböðaliðar í verkefnum deilda Rauða krossins á höfuðborgarsvæðinu á árinu, þar af 11 í verkefnum Reykjavíkurdeldar. Um sjö manns voru í starfi á hverjum tíma. Þau eru frá Bretlandi, Portúgal, Slóveníu, Slóvakíu og Kosóvó.

EVS sjálfböðaliðar vinna u.þ.b. 35 tíma vinnuviku fyrir félagið, og fá vasapening og húsnæði, og reynir Rauði krossinn að bjóða sveigjanleika í starfinu og tækifæri til að kynna ólíkum verkefnum félagsins. Markmið verkefnisins er að gefa ungu fólki tækifæri á að víkka sjóndeildarhringinn, kynna nýrri menningu og fá reynslu af áhugaverðu starfsumhverfi.

Verkefnið er stutt af Landsskrifstofu Erasmus+ áætlunar Evrópusambandsins sem Rannís hýsir. Móttökusamtök EVS sjálfböðaliðanna eru Alþjóðleg Ungmennaskipti (AUS). +

EVS sjálfböðaliðarnir eru ómetanlegur stuðningur við ýmis verkefni Rauða krossins í Reykjavík.

Kvennadeild

Verkefni Kvennadeildar eru fjölbreytt og starfa innan deildarinnar 168 sjálfböðaliðar. Helst ber að nefna aðstoð við aldraða og sjúka, s.s. með rekstri sölubúða og starfrækslu bókasafna á sjúkra- og öldrunarstofnunum í Reykjavík. Þá er Kvennadeildin með öfluga fjáröflun í sölubúðum og sjálfisölum á sjúkrastofnunum auk þess sem tekjur eru af starfi handverkskvenna sem selja handunna muni á basar fyrir hver jól.

Deildin rekur bókasöfn á Landakoti, Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund og Hjúkrunarheimilinu Mörkinni. Bókaútlán á árinu voru 3.053 og lánþegar 1.341. Vinnustundir sjálfböðaliða í verkefninu voru **1.205 klst.**

Sölubúðir Kvennadeildar eru á Landspítalanum við Hringbraut og í Fossvogi og sjálfsalar eru á Landakoti, Fæðingardeild, Slysadeild, Geðdeild og Grensásdeild. Vinnustundir sjúkravina í sölubúðum voru **4.149 klst.**

Handverkshópur Kvennadeildar kemur



Kvennadeildin styrkti starf Rauða krossins í heimanámsaðstöð.

saman á fimmtudögum í húsnæði Rauða krossins. Hópurinn telur nú ríflega 20 konur. Auk þess eru fjölmargar konur sem vinna heima og koma svo annað slagið með afraksturinn sem er afar fjölbreytt þróunavara, teppi, peysur o.fl.

Hópurinn stóð að árlega jólabasarnum sem haldinn var 11. nóvember 2017. Auk basarmuna eru seldar kökur og tertur sem Kvennadeildarkonur baka og gefa. Einnig bökðu og gáfu starfsmenn í Efstaleiti mikið af girnilegum tertum og brauði og kann Kvennadeildin þeim bestu þakki fyrir. Greinilegt er að fólk hefur gríðarmikinn áhuga á kökum, brauði og tertum og því kom framlag starfsmanna sér afar vel. Þrátt fyrir aftaka veður var aðsókn góð og salan þrýðileg. Ágóða af basarnum var ráðstafað, kr. 800.000, til Heilahristings heimanámsaðstöðar. Vinnustundir í handverkshópi voru **1.912 klst.**

Samningur er á milli Kvennadeildar og Landspítala um afnot af húsnæði fyrir verslunarrekstur gegn styrk til öldrunardeilda spítalans. +

Fjáröflun

Grundvöllur mannúðarstarfs félaga á borð við Rauða krossinn eru framlög sem einstaklingar, fyrirtæki og opinberir aðilar láta renna til starfseminnar. Framtak sjálfbóðaliða og vinveittra aðila í samfélaginu skipta þar sköpum.

Á árinu héldu fjölmörg fyrirtæki áfram að styrkja starf Rauða krossins í Reykjavík með mánaðarlegum framlögum. Einstaklingar lögðu einnig sitt af mörkum með stórum og smáum gjöfum. Oddfellow félagar styrktu skaða-

Ragnheiði. Í Reykjavíkumaraþoni söfnuðu tugir hlaupara fyrir Frú Ragnheiði. Rausnarlegir styrkir bárust frá ýmsum fyrirtækjum sem renna stoðum undir starf félagsins ásamt ýmsum styrkjum frá ríki og borg.

1. desember á Fullveldishátíð íslenska lýðveldisins og náðu vaskir sjálfbóðaliðar að ylja gestum hátíðarinnar á Ingólfstorgi. Þá sömu helgi ornuðu borgarbúar sér á kakói við tendrun ljósanna á Óslóartrénu við Austurvöll. Í ár gekk



Lífróður. Ljósmyndari Svavar Tryggvason.

minnkunarverkefni um heila bifreið og dýra viðgerð á Frú Ragnheiðarbílnum og léttu þannig undir verkefninu. Rúrik Gíslason knattspyrnumaður bauð upp treyju sína til styrktar Konukoti á síðunni charityshirts.is. Haldin var styrktarsýning á kvikmyndinni *Lof mér að falla* fyrir skaðaminnkunarverkefni félagsins. Í desember reru sjúkra- og slökkviliðsmenn lífróður í heila viku og söfnuðu veglegri upphæð fyrir Frú

Skráðir félagar í Rauða krossinn í Reykjavík voru 7.775 og greiddu 36% þeirra árgjaldið sem er 3.500 krónur. Félagar eru grunneining hreyfingarinnar og framlög þeirra mikilvæg fyrir starf hennar.

Jóla kakó

Kakófjáröflun Rauða krossins í Reykjavík fór af stað með vindasömum hætti þann

kakófjáröflunin mjög vel en að vanda buðu sjálfbóðaliðar Rauða krossins upp á rjúkandi heitt kakó gegn frjálsum framlögum og er nokkuð víst að kátum sjálfbóðaliðum hafi tekist að strá jóla-skapi yfir gesti og gangandi á Laugaveginum. Kakófjáröflunin fór að þessu sinni fram allar helgar í desember og að auki á þrettándabrennu við Ægissíðu. Innnes styrkti Rauða krossinn um kakó og bolla og þökkum við þeim kærlega fyrir. +



Pátttakendur Leiðtogaakademiunnar sem haldin var í Kaupmannahöfn.

Verkefni með ungu fólki

Í Rauða krossinum í Reykjavík eru rekin ýmis verkefni með unga sjálfbóðaliða í forgrunni. Ungir sjálfbóðaliðar skrifa í ársskýrsluna greinar um 2 verkefni okkar; hlutverkaleikinn langlífa Á Flóttu, og norrænt samstarfsverkefni, SDGeneration.

Auk þeirra hafa farið fram reglulegir fundir fyrir sjálfbóðaliða á menntaskólaaldri, sem og pátttakendur á aldrinum 13-16 ára, sem aukin áhersla var lögð á að bjóða tækifæri á að taka þátt í starfi félagsins á haustmánuðum. Félagsvirkniverkefnið *Studd í Spuna* hélt áfram að dafna á árinu, en vikulega stjórna sjálfbóðaliðar spunaspilum fyrir ungt fólk á aldrinum 18-30 ára sem ekki stunda vinnu eða nám og eiga á hættu félagslega einangrun. Bæði pátttakendum og sjálfbóðaliðum í verkefninu fjölgaði á árinu og gefur verkefnið góða raun fyrir þá sem taka þátt. +

SDGeneration

Alexandra Katrín Ásgeirsdóttir

„SDGeneration“ er titill á samstarfsverkefni norrænna ungmenna í Rauða krossinum, sem snýst um að skipuleggja leiðtogaakademíu um Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna (Sustainable Development Goals) og hvernig þau endurspeglast í starfi Rauða kross hreyfingarinnar á Norðurlöndunum. Grænland-



ingar, Norðmenn, Finnar og Danir komu að verkefninu ásamt íslensku ungmennunum. 8 sjálfboðaliðar sátu í stýrinfund sem skipulagði verkefnið, en auk þeirra tóku 25 ungmenni þátt. Verkefnið var stutt af Erasmus+ og Nordbuk styrkjum.

Ferlið byrjaði um páskana með fyrsta fundi stýrinfundarinnar hér á Íslandi þar sem einblýnt var á það að hópurinn kynntist innbyrðis og öðlaðist meiri þekkingu á Heimsmarkmiðunum. Næsti fundur var í Finnlandi í maí þar sem var byrjað að leggja grunn að sjálfri Akadémíunni; dag-skráin sett upp og verkum skipt á milli stjórnenda. Um sumarið voru svo haldnir fimm fjarfundir í gegn um tölvu af meðlimum stýrinfundarinnar þar sem farið var yfir smáatriði Akadémíunnar. Tíminn leið og í október var flogið til Kaupmannahafnar.

Akademían var 5 dagar og var haldin miðsvæðis í Kaupmannahöfn. Þar voru ýmsir gagnlegir fyrirlestrar um Rauða krossinn í Danmörku, Heimsmarkmiðin og hvernig þau tengjast innbyrðis. Við heimsóttum nokkur fyrirtæki til að sjá hvernig þau unnu með markmiðin og fjallað var um hvernig hægt er að skapa sjálfbær fyrirtæki. Við fengum fyrirlestra frá samtökum sem höfðu búið til leiki sem fræða einstaklinga um Heimsmarkmiðin. Það reyndist mjög gagnlegt í hugmynda-vinnu um hvernig hægt er að fá börn ásamt fullorðnum til að vinna með markmiðin og vekja athygli á mikilvægi þeirra. Akademían í heild var skemmtileg, fróðleg og tóku þátttakendur með sér heim þekkingu sem þau voru ekki með þegar þau komu. Þátttakendur fengu einnig tækifæri til að kynna betur Rauða kross aðilum frá mismunandi löndum og fræðast um ólíka starfsemi en í þeirra heimalandi. +

Alexandra Katrín Ásgeirsd. sjálfboðaliði

Á flóttu

Adam Lárus Sigurðsson

Hlutverkaleikurinn Á flóttu á sér langa sögu innan deildarinnar. Í leiknum fær ungt fólk tækifæri á að setja sig í spor flóttafólks og upplifa hvernig það er að rekast á vegg inni skrifinnnskunnar. Þátttakendur þurfa að leggja traust sitt á túlka, vera í framandi aðstæðum og vera varnarlaus gagnvart öllum því sem getur gerst þegar neyðarástand ríkir og fólk þarf að flýja land með litlum sem engum undirbúningi.

Á flóttu er hlutverkaleikur þar sem þátttakendur fá að reyna það á eigin skinni hvernig það er að vera flóttamaður. Sjálfboðaliðar bregða sér í hin ýmsu hlutverk til þess að gera upplifun þátttakenda sem raunverulegasta, þó er þess ávallt gætt að víkja aldrei frá grunnhugsjónum Rauða krossins. Sjálfboðaliðar bera því til dæmis aldrei neitt sem líkja mætti við vopn.

Meginmarkmið verkefnisins er að auka víðsýni og minnka fordóma fólks gagnvart stöðu flóttamanna. Með því að notast við tæki leiklistarinnar næst dýpri skilningur og betri fræðsla en upplestur hrárrar tölfraði getur skilað.

Leikurinn sem við spilum í dag tekur um 12 klukkustundir, en í upphafi var gert ráð fyrir að leikurinn sé leikinn á 24 tímum. Það er því krefjandi fyrir sjálfboðaliða, en þeir hafa sinnt skyldu sinni með miklum sóma enda um stórskemmtilegt verkefni að ræða. Sjálfur hef ég tekið þátt í þessu verkefni í átta ár og hef þótt gefandi lífsreynsla að sjá skilningsljós kvikna í augum þeirra sem taka þátt, auk þess hef ég alltaf haft gaman af leiklist og vil láta gott af mér leiða.

Á flóttu var leikinn tvisvar sinnum á árinu, að vori og hausti með ungmennum yfir 15 ára aldri. Leikurinn fór fram í Breiðholti og Heiðmörk, og þökkum við Reykjavíkurborg og Skógrækt Reykjavíkur fyrir rausnarlegt framlag með láni á húsnæði sínu til verkefnisins. +

Adam Lárus Sigurðsson sjálfboðaliði



Frá hlutverkaleiknum Á flóttu.



Á skiptifatamarkað Rauða krossins í Gerðubergi má finna ýmsa gersema í skiptum fyrir önnur gömul föt.

Breiðholt - starf í hverfinu

Í Breiðholti rekur Rauði krossinn í Reykjavík verkefni með stuðningi Reykjavíkurborgar og hverfisbúa með það að markmiði að efla grasrótina í hverfinu og færa verkefni félagsins nær borgarbúum.

Í Breiðholti er sem fyrr rekið öflugt heimanámsverkefni á Borgarbókasafninu í samstarfi við bæði Hólabrekkuskóla og Fellaskóla, ásamt því að heimsóknarvinir starfa í hverfinu. Annan veturinn í röð voru einnig haldnir mánaðarlegur skiptimarkaður með barnaföt í Gerðubergi sem hefur mælst vel fyrir í hverfinu. Frí var tekið yfir sumarmánuðina, þannig að á árinu fór viðburðurinn alls fram 9 sinnum.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og Árni Gunnarsson formaður Rauða krossins í Reykjavík skrifuðu á vormánuðum undir viljayfirlýsingu um þróun samfélagsverkefna í Breiðholti, en í viljayfirlýsingunni kemur fram að borgin veitir starfsmönnum og sjálfbóðaliðum skrifstofuaðstöðu endurgjaldslaut og lánað aðstöðu sem hentar til fram-

kvæmdar verkefna félagsins. Slíkt fyrirkomulag gæti orðið til fyrirmyndar starfsemi Rauða krossins í fleiri hverfum borgarinnar.

Fyrri part árs og fram á haust fór ungmennaverkefnið Studd í Spuna fram í Seljahverfinu, en ákveðið var um sumarið að færa verkefnið eftir að þarfir þeirra sem nýttu sér það voru skoðaðar. Verkefnið stendur þó sterkt og á grunni þeirrar þróunarvinnu sem unnin var í Breiðholti og gæti komið þar inn á ný. Í Gerðubergi var boðið upp á verkefnið Hvað er helst í fréttum og gekk það ágætlega fyrri part árs, en eftir að þátttaka dalaði um haustið var ákveðið að hvíla starfið.

Á haustmánuðum hófst undirbúningur við að koma verkefninu *Karlar í Skúrum*

(Men's Sheds) af stað í Breiðholti. Um 40 manns mættu á fyrsta kynningarfund í Gerðubergi og um 20 þeirra lýstu yfir áhuga á að taka þátt í verkefninu. Kjarni 12 karla hefur svo haldið vikulegu starfi gangandi frá því í nóvember, á meðan beðið er eftir að rétta húsnæðið fyrir verkefnið finnist. Verkefnið gengur út á að efla lýðheilsu karlmanna með félagslegri virkni og aðstöðu til að vinna skapandi starf. Verkefnið er unnið í samstarfi við Hafnarfjarðar- og Garðabæjardeild Rauða krossins, en fyrsti skúrinn á Íslandi var einmitt opnaður í Hafnarfirði á árinu 2018. Verkefnið *Karlar í Skúrum* á uppruna sinn í Ástralíu en Rauði krossinn sækir fyrirmyndina að verkefninu helst til Írlands, þar sem á þriðja hundrað skúra starfa. +

Framúrskarandi sjálfboðaliðar

Þrír sjálfboðaliðar voru heiðraðir á aðalfundi

Steinunn Ingibjörg Stefánsdóttir hefur verið sjálfboðaliði í Frú Ragnheiði síðan haustið 2012 og gegnir hlutverki bílstjóra ásamt því að taka að sér ýmis tilfallandi verkefni í starfinu.

Hvað gerir þú í lífinu þegar þú ert ekki að sinna Rauða kross starfi? Er menntaður garðyrkjufræðingur og hef einnig meirapróf. Syng í hestamannakór og stunda sund zumba af miklum krafti. Þrjóna og hekla og hef gaman af ferðalögum. Hef starfað undanfarið við ferðabjónustu aldraðra og fatlaðra og er að færa mig inn á geðsviðið hjá Landsspítalanum.

Hvenær og hvers vegna gerðist þú sjálfboðaliði? Gerðist sjálfboðaliði þegar ég var á milli starfa, ætlaði í Konukot en var bent á að það vantaði bílstjóra á Frú Ragnheiði. Ég kom í viðtal og fór á mína fyrstu vakt það sama kvöld.

Þetta hefur gefið mér mjög mikið og ég er stolt af þessu frábæra verkefni. Ég kynntist annarri hlið á verkefninu er við fylgum góðum vin okkar úr Frú Ragnheiði til grafar. Þar kom stórfjölskyldan hans til okkar og þakkaði fyrir. Hafði aldrei hugsað þetta nema sem stuðning við skjólstaðinga en ekki við stóra fjölskyldu þeirra og fjölda fólks sem er okkur þakklátur.

Fjölskylduhagir: Ég er gift og á tvær dætur.

Hvernig tónlist hefur þú mest gaman af? Hef gaman af allri tónlist nema óperum. +



Solvej Dürke Bloch er sjálfboðaliði í Konukotsmarkaði frá því árið 2015. Hún sér um uppröðun, afgreiðslu og ýmis verkefni sem falla til á markaðnum.

Hvað gerir þú í lífinu þegar þú ert ekki að sinna Rauða kross starfi? Dags daglega vinn ég í heimahjúkrun höfuðborgarsvæðisins. Mínum frítíma ver ég í mikilli hreyfingu, ég hleyp og fer í sjósund þrisvar í viku, fer í sund og er í fleiri en einum gönguklúbb og fer vikulega í göngu. Þegar er snjór í fjöllum, fer ég á skíði. Einnig fer ég til mómmu á hjúkrunarheimilið Sunnuhlíð mjög reglulega.

Hvenær og hvers vegna gerðist þú sjálfboðaliði? Ég bjó mörg ár í Danmörku, þar sem ég var aðstoðarverkstjóri þegar opnuð var ný og glæsileg Rauða kross fataverslun á Nørrebrogade í Kaupmannahöfn árið 2001. Hér vorum við aðeins með merkjavörur og „betri fatnað“. Hef alla mína ævi verið hlynnt endurnotkun.

Fjölskylduhagir Ég er fráskilin, á 2 uppkomin börn og 6 barnabörn sem öll búa í Danmörku. Ég heimsæki þau oft og þau eru líka dugleg að koma hingað og þá ver ég öllum stundum með þeim. Ég á 7 systkini. Fjögur búa hér á Íslandi, eitt í Danmörku, eitt í Noregi og eitt í Bandaríkjunum. Mamma býr í Sunnuhlíð, pabbi dó fyrir 25 árum. Báðir foreldrar mínir eru Danir.

Hvernig tónlist hefur þú mest gaman af? Mer þykir gaman af country western music og öllum ballöðum. Svo elska ég mest alla íslenska tónlist frá því fyrir aldamót. +



Sveinbjörn Finnsson er leiðsögu- maður flóttamanns, og hefur starfað í rúmt ár verkefninu. Á myndinni má sá hann ásamt Mohammed Al-Taie í TEDx fyrirlestri þeirra um starfið í Rauða krossinum.

Fjölskylduhagir: Einhleypur.

Hvað gerir þú í lífinu þegar þú ert ekki að sinna Rauða kross starfi?

Ég vinn hjá Landsvirkjun í viðskiptagreiningu og finnst gaman að ferðast um heiminn, uppgötva nýjar bækur, þætti og hlaðvörp.

Hvenær og hvers vegna gerðist þú sjálfboðaliði? Mig langaði að vinna með flóttafólki og leggja mitt af mörkum við að taka vel á móti þeim.

Hvernig tónlist hefur þú mest gaman af? Nýleg hlustun fer um víðan völl: elektrópopp, hiphopp og djass. Allt skemmtilegt á sinn hátt. +

Stjórn, verkefnisstjórnir og sta

STJÓRN RAUÐA KROSSINS Í REYKJAVÍK

Árni Gunnarsson	formaður
Huld Ingimarsdóttir	varaformaður
Sóley Ómarsdóttir	gjaldkeri stjórnar
Belinda Karlsdóttir	meðstjórnandi
Ingibjörg Júlíusdóttir	meðstjórnandi
Pétur Þorsteinsson	meðstjórnandi
Ragnar Þorvarðarson	meðstjórnandi
Eggert Jónasson	varamaður
Ólafur Ingólfsson	varamaður

STJÓRN KVENNADEILDAR

Ingibjörg Júlíusdóttir	formaður
Guðrún Hansdóttir	varaformaður
Kristín Einarsdóttir	gjaldkeri stjórnar
Vala Rós Ingvarsdóttir	ritari
Gunnhildur Jónsdóttir	meðstjórnandi
Halldóra Ásgeirsdóttir	meðstjórnandi
Laufey Kristjánsdóttir	meðstjórnandi
Sigrún Jónsdóttir	varamaður
Eygló Dóra Garðarsdóttir	varamaður
Elínborg Einarsdóttir	varamaður

EVS SJÁLFBODALIÐAR

Alexander Keppie	sjálfboðaliði í Vin
Amy Grisdale	sjálfboðaliði í Konukoti
Catherine Elizabeth H. Froment	sjálfboðaliði í Konukoti
Hannah Mc Bridge	sjálfboðaliði flóttam.verkefni
Malisa Zymberi	sjálfboðaliðið í Vin

RITSTJÓRN ÁRSSKÝRSLU

Marín Þórsdóttir
Þorsteinn Valdimarsson
Eggert Jónasson

STJÓRN FERÐAFÉLAGSINS VIÐSÝNAR

Viðar H. Eiríksson	formaður
Hörður Jónasson	ritari
Garðar Sölvi	gjaldkeri
Ingi Hans	varaformaður
Kjartan Bjarnason	meðstjórnandi
Helgi Júlíusson	meðstjórnandi
Magnús Hákonarson	meðstjórnandi
Ingvar Sig.	varamaður
Viðar Eysteinnsson	varamaður

STJÓRN HEIMSÓKNAVINAVERKEFNIS

Guðrún Eygló Guðmundsdóttir	formaður
Ágúst Ólafur Georgsson	
Bergdís Kristjánsdóttir	

STJÓRN VINASKÁKFÉLAGSINS

Róbert Lagermann	forseti
Hörður Jónasson	varaforseti
Héðinn Briem	gjaldkeri stjórnar
Hjálmar Sigurvaldason	ritari
Elvar Örn Hjaltason	meðstjórnandi
Aðalsteinn Thorarensen	varamaður 1
Jóhann Valdimarsson	varamaður 2
Hrafn Jökulsson	verndari

STJÓRN MÚLABÆJAR OG HLÍÐARBÆJAR

Sigurveig H. Sigurðardóttir (RK)	formaður
Þórunn Sveinbjörnsdóttir (FEB)	varaformaður
Dagný Erna Lárusdóttir (SÍBS)	
Pétur Þorsteinsson (RRKÍ)	
Sigurjón Einarsson (SÍBS)	
Valborg Jónsdóttir (SÍBS)	varamaður
Auður Kristjánsdóttir (RRKÍ)	varamaður
Guðrún Árnadóttir (FEB)	varamaður

Starfsmenn í árslok 2018

STARFSMENN RAUÐA KROSSINS Í REYKJAVÍK

Anna Lára Steindal	í leyfi
Auður Þorgeirsdóttir	skrifstofustjóri Kvennadeildar
Brynhildur Jensdóttir	forstöðukona Konukots
Elísabet Brynjarsdóttir	hjúkrunarfræðingur Frú Ragnheiðar
Eva Dögg Þórsdóttir	starfskona Konukot
Fannís Halla Stefánsdóttir	starfskona Konukot
Gréta Morthens	í leyfi
Hafrún Elísa Sigurðardóttir	starfskona Konukot
Halldóra Pálsdóttir	forstöðumaður Vinjar
Ingi Hans Ágústsson	leiðbeinandi Vin
Jóhanna Þorgrímsdóttir	starfsmaður Konukoti
Kristín Helga Guðmundsdóttir	verkefnastjóri heimsóknavina, áfallasjóðs og fatakorta
María Rut Beck	verkefnastjóri heimanáms
Marín Þórsdóttir	forstöðumaður Rauða krossins í Reykjavík
Pimm Westra	verkefnastjóri í málefnum flóttafólks og innflytjenda
Rut Rúnarsdóttir	umsjónakona sjálfbóðaliða í Konukoti
Sabrina Olivia Meyns	starfsmaður Konukoti og Vin
Sigríður H. Kristinsdóttir	verkefnastjóri sölubúðar á Borgarspítala
Sigríður Jóhannsdóttir	starfskona Konukot
Sigrún Erla Egilsdóttir	teymisstjóri í málefnum flóttafólks og innflytjenda
Sigurbjörg Birgisdóttir	verkefnastjóri Sjálfbóðaliðamiðstöðvar
Sissa Hjördís Gestsdóttir	félagsliði Vin
Svala Jóhannesdóttir	verkefnastýra Frú Ragnheiðar
Una Sigrún Ástvaldsdóttir	starfskona Konukot
Úlfhildur Ólafsdóttir	verkefnastjóri í málefnum flóttafólks og innflytjenda
Viðar Hafsteinn Eiríksson	verkefnastjóri Vin
Þorsteinn Valdimarsson	verkefnastjóri, Breiðholt, heilahristingur og ungmennaverkefni
Þóra Kristinsdóttir	verslunarstjóri sölubúðar Landspítala Hringbraut
Þórey Einarsdóttir	umsjónakona Konukoti

Stjórn Rauða krossins í Reykjavík þakkar eftirtöldu starfsfólki sem lét af störfum á árinu: Birna Ýr Magnúsdóttir, Haukur Logi Jóhannsson, Margrét Jónasdóttir, Sif Sigurðardóttir, Simon Bohak og Þórir Guðmundsson.

Nýir starfsmenn sem komu til starfa hjá deildinni á árinu voru eftirfarandi: Elísabet Brynjarsdóttir, Eva Dögg Þórsdóttir, Fannís Halla Stefánsdóttir, Hafrún Elísa Sigurðardóttir, María Rut Beck og Marín Þórsdóttir.

GRUNDVALLARHUGSJÓNIR



Hugsjónagrundvöllur Rauða krossins er fólgin í markmiðunum sjö um mannúð, óhlutdrægni, hlutleysi, sjálfstæði, sjálfböðna þjónustu, einingu og alheimshreyfingu. Sérhverjum starfsmanni og sjálfböðaliða Rauða krossins um heim allan ber að starfa samkvæmt grundvallarmarkmiðunum.

MANNÚÐ

Alþjóðahreyfing Rauða krossins og Rauða hálfmánans, sem spratt upp af löngun til að veita þeim sem særst höfðu á orrustuvelli hjálp án manngreinarálits, reynir með alþjóðlegu starfi og starfi landsfélaga að koma í veg fyrir og létta þjáningar fólks hvar sem það er statt. Tilgangur hreyfingarinnar er að vernda líf og heilsu og tryggja virðingu fyrir mannlegu lífi. Hún vinnur að gagnkvæmum skilningi, vináttu, samstarfi og varanlegum friði meðal allra þjóða.

ÓHLUTDRÆGNI

Hreyfingin gerir engan mun á milli manna eftir þjóðerni þeirra, uppruna, trúarbrögðum, kyni, stétt eða stjórnmálaskoðunum. Hún reynir að draga úr þjáningum einstaklinga og tekur þá eingöngu tillit til þarfa hvers og eins en veitir forgang þeim sem verst eru staddir.

HLUTLEYSI

Svo að hreyfingin megi áfram njóta almenns trausts, skal hún gæta hlutleysis í ófriði og aldrei taka þátt í deilum vegna stjórnmála, uppruna, trúarbragða eða hugmyndafræði.

SJÁLFSTÆÐI

Hreyfingin er sjálfstæð. Þótt landsfélög veiti aðstoð í mannúðarstarfi stjórnvalda og lúti lögum lands síns, verða þau ætíð að varðveita sjálfstæði sitt svo þau geti starfað í samræmi við grundvallarmarkmið hreyfingarinnar.

SJÁLFBÖÐIN ÞJÓNUSTA

Hreyfingin er borin uppi af sjálfböðnu hjálparstarfi og lætur aldrei stjórnast af hagnaðarvon.

EINING

Í hverju landi má aðeins vera eitt landsfélag Rauða krossins eða Rauða hálfmánans. Það skal vera öllum opið og vinna mannúðarstarf um landið allt.

ALHEIMSHREYFING

Hreyfing Rauða krossins og Rauða hálfmánans nær um heim allan, og öll landsfélög hafa jafnan rétt og ábyrgð og sömu skyldur til gagnkvæmrar hjálpar.